

Svör vegna athugasemda við auglýsta tillögu að deiliskipulagi fyrir eignarlönd úr jörðinni Stóru-Völlum.

Athugasemdir bárust frá þrem aðilum, Eyjólf Bragasyni, Heiðu Theodórs Kristjánsdóttur og Unnsteini Gísla Oddssyni sem gerði athugasemd fyrir hönd fleiri lóðareigenda.

Athugasemd Heiðu og Unnsteins ásamt fleiri lóðarhöfum eru samhljóma: *Ef eigendur Stóru-Valla 165011 hafa hug á að færa þetta aðgengi annað, þá þurfa þeir að semja formlega við okkur um annað aðgengi og nýja þinglýsta kvöð, þannig að staða okkar verði ekki verri ef að breyting verður á aðgengi.*

Svar:

Í greinargerðina var bætt við kafla 1.3 eftirfarandi: *Núverandi vegir með þinglýstri kröfu verða óbreyttir þar til samið hefur verið um nýja og bætta vegi sem koma í stað núverandi vega. Nýjar kvaðir verða gerðar fyrir nýju vegina.*

Frá Eyjólfu voru nokkrar athugasemdir:

1. *Nýr aðkomuvegur verði fjær hans landi.* Svar: *Vegurinn var færður og er nú um 50 metra frá núverandi húsi.*
2. *Mótmælir aðgengi án skilyrða að löndum nr. 200046 (Fögruvellir) og lóðum 1, 2, og 3, sem allar bera landnúmerið 200569. Var búinn að samþykkja aðgengi með því skilyrði að það væri ræsi/brú á veginum vegna umferð hesta að vatni.* Svar: *Bætt er við greinargerðina í kafla 1.3 Tryggja þarf að vegurinn loki ekki fyrir aðkomu hrossa að vatni frá landnr. 200046.*
3. *Óska þess að byggingarreitur á núverandi bústaðarstæði á landi mínu verði stækkaður þannig að möguleiki væri fyrir hendi á stækkun bústaðarins.* Svar: *byggingarreitur er stækkaður til suðausturs.*
4. *Óskað eftir að land nr. 200047 verði örmerkt „Stöng“ eins og það er þekkt og hefur verið kallað í fjölda ára í sveitinni.* Svar: *örnefninu bætt á uppdráttinn.*